



Alþingi
Erindi nr. P 127/1291
komudagur 18.3.2002

Landbúnaðarnefnd
Alþingi
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 14. mars 2002
SP/hó

Efni: Frumvarp til laga um búfjárhald o.fl., 338. mál

Tilv:02020007

Vísað er í bréf landbúnaðarnefndar dags. 31. janúar sl. þar sem leitað er umsagnar um ofangreint frumvarp.

Búnaðarþing 2002 fjallaði um frumvarpið en afgangur af því ályktun heldur vísaði til afgreiðslu hjá stjórn. Hins vegar komu fram athugasemdir frá nefndinni sem fjallaði um frumvarpið, sem samstaða er um, og fylgja þær hér með.

Drög að þessu frumvarpi höfðu áður verið til umfjöllunar hjá stjórn Bændasamtaka Íslands, og rétt er að fram komi, að stjórnin styður þá breytingu að fella niður haustskoðun búfjárefirlitsmanna og telur hana til einföldunar og sparnaðar. Ennfremur að stækka eftirlitssvæðin, eins og 10. grein gerir ráð fyrir. Þá er það álit Bændasamtakanna að frumvarpið skerpi viðbrögð við vanfóðrun og vondri meðferð á búfé og er það vel.

Auk þess að taka undir meðfylgjandi athugasemdir, er vakin athygli á eftirfarandi.


3. málsgrein 10. greinar er svohljóðandi:

“Sveitarfélög á hverju starfssvæði geta með samkomulagi sínu í milli falið sérstökum aðila umsjón með fjárreiðum og aðstöðu fyrir búfjárefirlitið, t.d. búnaðarsamböndum, eða falið stærsta sveitarfélaginu að hafa umsjón með þessum þáttum”.

Það var skilningur undirritaðs eftir viðræður við nefndina, sem undirbjó frumvarpið, að heimildin til að fela “sérstökum aðila” eða “stærsta sveitarfélaginu” umsjón, væri ekki takmörkuð við “fjárreiður og aðstöðu”, heldur gæti verið um það að ræða, að slíkir aðilar mættu taka að sér framkvæmd á a.m.k. sumum þáttum búfjárefirlitsins. Þetta þarf að skoða nánar.

Loks óskar undirritaður eftir að geta komið frekari skýringum að munnlega, þegar landbúnaðarnefnd fjallar um frumvarpið.

Virðingarfyllst,
f.h. Bændasamtaka Íslands


Sigurður Þorgeirsson

Búnaðarþing 2002: Ályktun v. t. stj.

6. mars 2002 - JVJ

Dagsetning skjals 6.mars 2002 Mál: 02020016 Þ.skj.16-3
Tegund skjals Ályktun v. t. stj. Niðurst. atkv.gr. (með - á móti) Samþykkt að vísa til stjórnar með 27-8 samkv. dagskrártillögu frá ABE

Nefnd: Fagraða- og búfjárræktarnefnd
Framsögumaður: Jóhannes H. Ríkharðsson

Frumvarp til laga um búfjárhald o.fl.

Búnaðarþing 2002 hefur enn fengið til umsagnar frumvarp til laga um búfjárhald o.fl.. Lagðar eru til ýmsar veigamiklar breytingar á gildandi lögum. Þingið styður það markmið laganna að koma í veg fyrir slæma meðferð á búfé, en leggur áherslu á að eftirlitið verði framkvæmt með skilvirkum og ódýrum hætti.

Þingið ítrekar að þær athugasemdir sem gerðar voru við frumvarpið á Búnaðarþingi 2001 og hafa ekki enn verið teknar í frumvarpið verði teknar til greina við endanlegan frágang frumvarpsins.

Um er að ræða eftirtalin atriði:

5. gr. Setningin "Í samþykktum sveitarstjórna um búfjárhald..." verði felld út.

8. gr. Tilgreind dagsetning er óraunhæf. Í stað 15. maí komi 15. júní.

10. gr. Það er skoðun þingsins að forðagæsla og búfjárefirlit sé að verulegum hluta opinbert eftirlit fremur en þjónusta við bændur. Þingið leggst gegn hugmyndum um gjaldtöku vegna hins almenna eftirlits, þ.e. reglulegt eftirlit og umsýslu varðandi þá sem rækja skyldur sínar varðandi þá þætti sem löggin kveða á um. Þann þátt í framkvæmdinni verður að meta og er eðlilegt að sé greiddur af opinberu fé.

12. gr. Niður falli setningarhlutinn; "sem ekki starfrækja....Bændasamtökum Íslands."

18. gr. Eðlilegra er að tala um að sæta banni til að halda búfé fremur en svipta leyfi.

Eggert Pálsson

Guðmundur Jónsson

Haraldur Benediktsson

Jóhannes H. Ríkharðsson

Sigurður Loftsson

Svana Halldórsdóttir

Þórólfur Sveinsson